

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. (73. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um nýsköpunarfyrirtæki.

Í upphafi þessa árs tóku í gildi lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem ætlað var að veita mikilvægan stuðning fyrir nýsköpunarumhverfi í landinu. Í lögum voru ákvæði er vörðuðu bæði ívilnanir fyrir nýsköpunarfyrirtæki og skattaflátt vegna hlutfjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum. Viðskiptaráð Íslands fagnar þeim lögum og þeim stuðningi sem í þeim felast. Ráðið hefur í vinnu sinni stutt við þau lög þó að gagnrýni hefur komið fram um einstaka þætti þess.

Við frekari skoðun laganna reyndist þörf á breytingum en við meðferð þeirra fyrir Alþingi var ekki leitað álits hjá eftirlitsstofnun ESA, eins og skuldbindingar Íslands gera ráð fyrir þegar kemur að hvers kyns aðgerðum sem geta falið í sér ríkisaðstoð, og höfðu því ekki fengið staðfestingu að þau væru í samræmi við reglur EFTA. Hluti laganna, eða sá þáttur er varðar skattaflátt vegna hlutfjárkaupa, virðast ekki vera í samræmi við reglur um ríkis- og rekstraraðstoð fyrirtækja og af þeim sökum verður að gera breytingar í samræmi við það.

Fyrir þingi liggur frumvarp um breytingar á ýmsum sköttum og gjöldum, þingskjal 380.-313. mál, sem leggur til breytingar í þá veru að haldið verði inni lögum þeim ákvæðum er varða skattalega ívilnun til nýsköpunarfyrirtækja en hins vegar verður fellt úr lögum skattalegir afslættir til fyrirtækja og einstaklinga til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. Af þessum ástæðum væri skynsamlegra að bíða með umfjöllun frumvarpa sem leggja til breytinga á lögum uns þau frumvörð sem fyrir liggja hafa afgreidd.

Ofangreint frumvarp varðar þann hluta laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem haldið er eftir í lögum miðað við þær breytingartillögur sem finna má í 313. máli. Með frumvarpinu er lagt til að viðmiðunarupphæð í 5. gr. laganna verði afnumin þegar skilgreint er hvaða fyrirtæki teljast til nýsköpunarfyrirtækja. Ákvæðið eins og það stendur í lögum nú gerir ráð fyrir að fyrirtæki sem sækir um staðfestingu til Rannís verði m.a. að geta sýnt fram á að varið verði a.m.k. 5 milljónum króna til rannsóknar og þróunar á 12 mánaða tímabili. Í breytingartillögu frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar á frumvarpi 313. máls er m.a. lagt fram að viðmiðunarupphæðin verði lækkuð í 1 milljón króna.

Hér verður að taka undir með höfundum greinargerðar ofangreinds frumvarp að það lágmark sem er sett í 2. tl. 1. mgr. 5. gr. samrýmist ekki fyllilega því markmiði laganna að veita stuðning við nýsköpun og þá sér í lagi við þau allra smæstu sem eru á fyrstu metrunum. Þar sem eitt af skilyrðum þess að flokkast til nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt lögum er skilgreining á því verkefni sem um ræðir ætti það að teljast vera fullnægjandi til að afmarka lögin við þau sem eru í raun að vinna á því sviði.

Hins vegar verður að líta til þeirra breytinga sem felast í frumvarp 313. máls og meta þörf á frekari breytinga eftir að það hefur fengið umfjöllun á þingi, enda er það mál sem er komið mun lengra í umfjöllun en ofangreint frumvarp. Að öðru leyti tekur undirrituð undir þau sjónarmið sem koma fram í ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands